

## Umsögn

Til: Borgarráðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsvið

**Efni: Tillaga Flokks fólksins að fyrningartími á búnaði, áhöldum og tækjum við útreikning innri leigu verði endurreiknaður með það að markmið að lengja hann**

Á fundi borgarráðs 13. febrúar 2020 var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Tillaga Flokks fólksins að fyrningartími á búnaði, áhöldum og tækjum við útreikning innri leigu verði endurreiknaður með það að markmiði að lengja hann. Í svari um starfshóp um endurskoðun innri leigu tekur borgarfulltrúi Flokks fólksins eftir að fyrningartími á húsbúnaði og tækjabúnaði er óvenju stuttur. Segir jafnframt í svari að miðað sé við að afskriftir sem mynda stofn til innri leigu búnaðar, áhalda og tækja sé fastur hundraðshluti miða við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna. Í 3. grein reglna um eignaskráningu rekstrarfjármuna borgarinnar er fyrningartími einstakra flokka stofnbúnaðar ákveðinn. Flokki fólksins finnst þessi tími allt of stuttur. Tillaga Flokks fólksins er að þegar kemur að húsbúnaði, tölvubúnaði og öðrum tækjabúnaði verði reglum um viðmið afskrifta til útreiknings innri leigu breytt þannig að fyrningartíminn verði lengri. Endurreiknað viðmið taki mið af að húsbúnaður og tæki "lifi" lengur. Reikna má með að rafmagnsvörur hafi allt að 8 ára líftíma og húsgögn geta verið í góðu lagi í allt að 15 ár nema auðvitað að um sé að ræða lélega framleiðslu eða sérlega slæma umgengni.

## Umsögn

Eins og kemur fram í tillögu borgarfulltrúa Flokks fólksins er fyrningartími einstakra flokka stofnbúnaðar ákveðinn í 3. grein regla um eignaskráningu rekstrarfjármuna borgarinnar.

Flokkunin er eftirfarandi;

Lykill	Tegund	Ár
5580	Húsgögn	10
5581	Námöggn og leikföng	3
5582	Rafmagnstæki	3-5
5583	Tölvubúnaður	3
5589	Önnur tæki og búnaður	1-10

Með hliðsjón af góðum reikningsskilavenjum var fyrningartími stofnbúnaðar ákveðinn á bilinu 1-10 ár og mið tekið af væntum líftíma í rekstri þar sem notendur geta verið fjölmargir og álag á búnað til samræmis við það. Jafnframt voru ákvæði laga um tekjuskatt nr. 90/2003 um árlegan hundraðshluta af fyrningargrunni einstakra eigna eða eignflokka höfð til hliðsjónar þegar framangreind regla var ákveðin, en þar segir í í 4. t. l. a. í í 37. grein að fyrningartími skrifstofuáhalda og -tækja skuli vera að lágmarki 20% (5 ár), að hámarki 35% (2 ár og 11 mánuðir).

Ekki er því talin ástæða til að breyta verklagi varðandi fyrningu stofnbúnaðar.

Einnig er hægt að benda á að hlutfall innri leigu stofnbúnaðar af heildar innri leigu skv. fjárhagsáætlun 2020 er 1,53%. Lenging á líftíma einstakra áhalda og tækja hefði því óveruleg áhrif á innri leigu.

<b>Innri leiga skv. fjárhagsáætlun 2020</b>		
Fasteignir	17.801.027	81,15%
Götur, gönguleiðir og opin svæði	2.590.600	11,81%
Áhöld og tæki	1.034.926	4,72%
Stofnbúnaður	334.921	1,53%
Bifreiðar	175.535	0,80%
<b>Samtals</b>	<b>21.937.009</b>	<b>100%</b>

*Halldóra Káradóttir,  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.*